



Sýslumaðurinn á Hvolsvelli

Austurvegi 6, 860 Hvolsvöllur
kt. 570269-5509
Sími 488-4100, Fax 488-4101
Fankar: 182-26-110, 308-26-8888

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Alþingi
Erindi nr. P 140/420
komudagur 24.11.2011

Hvolsvelli 24. nóvember 2011.

Efni: umsögn um þingskjal 88, frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 85/2007 um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald.

Af hálfu embættisins er eindregið lagst gegn því að þetta frumvarp verði að lögum. Það getur á engan hátt talist óeðlilegt að skemmtanahaldarar sem standa fyrir stórum útihátíðum og hafa af þeim hagnað standi undir löggæslukostnaði vegna þeirra. Í mínu umdæmi voru tvær útihátíðir á síðasta ári og greiddu mótshaldarar löggæslukostnað vegna þeirra og gerðu engar athugasemdir við það. Hefði embættið átt að standa undir þessum auka kostnaði hefði það sennilega þýtt að fækka hefði þurft um einn lögreglumann við embættið á ársvisu.

Telji alþingismenn ástæðu til að gera frumvarp þetta að lögum er þess vænst að þeir tryggi jafnframt að það verði ekki til að fækka starfandi lögreglumönnum í landinu og þannig draga enn frekar úr almenntri löggæslu.

Undirritaður er tilbúinn að mæta á fund allsherjar- og menntamálanefndar sé þess óskað og gera frekari grein fyrir málinu.

Kjartan Þorkelsson